



Fundargerð

69. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjaneshæjar, haldinn að
Flugvallarbraut 710, 24. október 2025, kl. 08:30

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Elfa Hrund Guttormsdóttir, Gígja Sigríður
Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Linda Líf Hinriksdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Halldóra Guðrún
Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og
Stefanía Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Menningarverðlaunin 2025 (2025090415)

Menningar- og þjónusturáð fór yfir tilnefningar og tók ákvörðun um hver hlýtur Súluna,
menningarverðlaun Reykjaneshæjar 2025. Nafn verðlaunahafa verður afhjúpað í nóvember
með sérstökum viðburði.

2. Aðventugarðurinn 2025 (2025100326)

Undirbúningur fyrir Aðventugarðinn og Aðventusvellið er kominn á fullt skrið. Markmiðið
með Aðventugarðinum er að lýsa upp svartasta skammdegið og skapa góða og notalega
stemningu fyrir jólabörn á öllum aldri á aðventunni. Aðventugarðurinn opnar fyrstu helgina í
desember, þ.e. 6.-7. desember, og verður opið frá kl. 14-17 laugardaga og sunnudaga og frá
kl. 18-21 á Þorláksmessu. Gautaborg ehf., rekstraraðili Aðventusvellsins, stefnir á opnun um
miðjan nóvember og verður upplýsingar að finna á adventusvellid.is. Nú er opið fyrir
umsóknir um sölukofa og skemmtidagskrá til 26. október og eru allir áhugasamir hvattir til
að sækja um. Menningar- og þjónusturáð hvetur handverksfólk og hugmyndaárika
einstaklinga til að sækja um að koma fram í Aðventugarðinum og íbúa til að gera sér glaðan
dag á aðventunni, heimsækja fallega Aðventugarðinn og nýta þjónustu verslana og
veitingaaðila í heimabyggð.

3. Markaðsmál - verkefni og áherslur (2025100327)

Kristrún Björgvinsdóttir markaðsfulltrúi Reykjaneshæjar fór yfir skipulag markaðsmála hjá
sveitarfélaginu og þau verkefni og áherslur sem hafa verið í forgrunni á árinu. Ráðið lýsir
ánægju með aukinn sýnileika og jákvæða umfjöllun um sveitarfélagið.

4. Skipulagsbreytingar og starfsmannamál (2025100330)

Halldóra G. Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs fór yfir skipulagsbreytingar á
sviðinu en gæðamál voru flutt yfir frá fjármála- og stjórnsýslusviði og nýtt

verkefnastjórnunarteymi sett á fót innan menningar- og þjónustusviðs. Þá hefur Guðný Kristín Bjarnadóttir verið ráðin í stöðu forstöðumanns bókasafns Reykjanesbæjar.

5. Saga - kynning og skoðun á varðveisluhúsnæði (2025100329)

Eva Kristín Dal forstöðumaður byggðasafns Reykjanesbæjar kynnti starfsemi og skipulag varðveisluhúsnæðisins Sögu sem var tekið í notkun 2024, og sýndi nefndarmönnum húsakynnin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.